

Mál nr. 30/2010

**M
og
váttryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar**

Ágreiningur um skerðingu bóta úr kaskótryggingu vegna ástands hjólbarða.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 4.2.2010.
2. Bréf X, dags. 22.2.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 2.12.2009 var jeppabifreiðinni A í M ekið norður Rauðhelli – í Hafnarfirði að ætla verður. Hálka var á akbraut. Í beygju á götunni rann A áfram í átt að vegkantinum þar sem stórir steinar marka veginn. Lenti A á einum steininum og við það sporðreistist steinninn með þeim afleiðingum að A valt á hliðina.

A var skoðuð af hálfu skoðunarfyrtækisins Frumherja hf. með sérstakri áherslu á ástand hjólbarða. Í skoðunarskýrslu fyrtækisins kemur fram að allir fjórir hjólbarðar A hafi verið ónegldir með vetrarmynstri. Á framhjólum hafi barðarnir verið misslitnir og mynsturdýpt verið 1,5-5 mm á öðrum barðanum en 1,6-4 mm á hinum og er í þessu sambandi talað um “Ólag” á þeim báðum. Á afturhjólum hafi barðarnir hins vegar verið hálfslitnir og mynsturdýpt verið 4,5-5 mm á þeim báðum og þeir töldust í lagi. Í athugasemdashöfundinum segir: “Hjólbarðar framan mjög misslitnir ástand hjólbarða aftan í lagi.”

A var kaskótryggð hjá váttryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr váttryggingunni vegna þess tjóns sem varð á A. X hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum en telur að skerða beri bætur um 1/3 þar sem M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með því að aka A að vetrarlagi í hálku og snjó með hjólbarða í slæmu ástandi eins og lýst er í skýrslu Frumherja. Þá hafi M brotið varúðarreglur skv. gr. 6.6 í skilmálum váttryggingarinnar um að viðhalda ökutækis í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda, svo og skv. gr. 6.7. um að fara skuli eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækis og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.

Álit.

Samkvæmt gr. 16.11 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja skal mynsturdýpt hjólbarða á A vera a.m.k. 1,6 mm. Af fyrirliggjandi skýrslu um ástand hjólbarða verður ekki annað ráðið en hjólbarðarnir hafi að mestu haft þá mynsturdýpt eða meiri. Af skýrslunni þykir því ekki mega fullyrða að A hafi verið vanbúin til aksturs í vetrarfæri þannig að tjónið verði virt fyrirvarsmönnum M til stórkostlegs gáleysis og bótaréttur verði skertur af þeim sökum. Þá verður heldur ekki séð að varúðarreglur hafi verið brotnar af hálfu M þannig að leiði til skerðingar á bótaábyrgð X. Eru því ekki næg efni til að skerða bætur til M úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum vegna tjóns á A,.

Reykjavík, 9. mars 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.